

Alþingi
Erindi nr. P 135/2763
komudagur 15.5.2008



Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 13. maí 2008.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál.

Samtökum iðnaðarins (SI) hefur borist til umsagnar ofangreint mál. SI þakkar Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktun. Samtökin styðja þessa þingsályktunartillögu sem hefur það markmið að allir sem hér búa hafi jafna möguleika til að taka þátt í samfélaginu, njóti gæða þess og réttindaverndar og leggi sitt af mörkum til þess.

Í framkvæmdaáætluninni er almennt mikið lagt upp úr ávinningi innflytjenda. Að mati SI má leggja meiri áherslu á að þeir sem njóta eiga ávinningsins eru bæði innflytjendur og atvinnulífið. Mikilvægt er að bæði menntun og starfsreynsla innflytjenda sé gagnsæ og skráð. Með því móti má ætla að mannauður þeirra nýtist atvinnulífinu best. Þá mætti ennfremur bæta við kafla í framkvæmdaáætluninni sem gæti heitið: „Réttindi og skyldur innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði“. Mikið er fjallað um réttindi innflytjenda, en minna um skyldur þeirra. Það hljóta að teljast skyldur þeirra að nýta sem best möguleika sína til að mennta sig, fá sem besta vinnu og geta á sem bestan hátt gagnast samfélaginu.

Í 10. kaflanum er fjallað um menntamál. Grunnurinn að því að innflytjendur geti aðlagast samfélaginu sem best er að þeim sé gefinn kostur á að ná tókum á íslenski tungu. Tryggja þarf að innflytjendur fái tækifæri til og leggi sig fram við að laga sig að íslenski menningu. Í því sambandi er ekki nóg að bjóða þeim upp á hefðbundna íslenskukennslu heldur þarf einnig að flétta inn í slíkt nám hagnýta og fræðilega menningarfræðslu. Margar þjóðir gera þær kröfur til innflytjenda að þeir læri til hlítar móðurmálið. Alþingi hefur ekki enn samþykkt lög um íslenska tungu. Það verður að teljast tímabært.

Í 4. kaflanum er fjallað um dvalar- og atvinnuleyfi. SI leggja mikla áherslu á að frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga nái fram að ganga, sérstaklega sá hluti frumvarpsins er fjallar um dvalarleyfi. Mikilvægt er að dvalarleyfisumsóknir erlendra sérfræðinga fái flýtimeðferð hjá Útlendingastofnun. Gildir þá einu hvort viðkomandi sérfræðingar eru búsettir á evrópska efnahagssvæðinu eða annars staðar í heiminum. Skortur er á sérfræðingum er vandamál í allri Evrópu og því er mikilvægt að biðtími eftir dvalarleyfi sé sem stystur svo við séum samkeppnishæf við aðrar þjóðir við að fá þessa sérfræðinga til að starfa hér hjá okkur.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sigurður B. Halldórsson, hrl.